

## UNDIRRITUÐ GREINARGERÐ ÍSLENSKU SENDINEFNDARINNAR

Hér á eftir fara ítarlegri upplýsingar íslensku fulltrúanna í ferðinni auk þess sem aftast í skjalinu eru myndir frá vettvangi.

**Vettvangsskoðun:** Sendinefndin hittist fyrir utan starfssvæði Webbo Sverige KB, nú Páryd Bildemontering KB um kl 10:30 og skoðaði starfssvæði Páryd Bildemontering KB utan frá akvegi ásamt því að hefja umræður um tilurð plastúrgangsins sem væri inni á starfssvæðinu. Ekki var neinn plastúrgang að sjá frá akvegi en það sást aftur á móti í bílflök inn á starfssvæði Páryd Bildemontering KB. Ulf Abrahamsson upplýsti að fyrirtæki hans JRAB AB hafi flutt um 1.500 tonn af plastumbúðum frá Swerec og 1.500 tonn frá FTI, Förpacknings og Tidnings Insamlingen (félag um framleiðendaábyrgð). Alls hafi því farið um 3.000 tonn til Webbo Sverige KB í heildina á árinu 2016.

Um klukka 11 kom Rami El Mahmoud, starfsmaður Páryd Bildemontering KB og opnaði læst hlið þannig að hægt væri að fara inn á svæðið. Á hluta lóðar sem er baka til á starfssvæðinu blasti við nokkurt magn af böggum plastúrgangi frá umbúðum er raðað var upp fyrir framan eina af skemmunum Páryd Bildemontering KB. Það var mat aðila, í sendinefndinni, bæði frá Íslandi og Svíþjóð að magn úrgangsins sem geymdur er úti væri um 230- 250 tonn. Úr þessum böggum eru plastumbúðir að losna og fjúka um. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Kalmar kommun og staðfest voru að starfsmanni Páryd Bildemontering KB, á að vera búíð að tæma útisvæðið af þessum plastúrgangi þann 1. maí 2022. Samkvæmt upplýsingum frá Rami El Mahmoud hefur Páryd Bildemontering KB þegar sent um 500 tonn af plasti til brennslu til orkunýtingar, með Stena Milljö til Nybro. Þegar að hreinsun að utan lýkur eru því áætlað um 2300-2500 tonn af plasti séu eftir innanhúss.

Það var ljóst eftir skoðun á plastúrganginum sem var fyrir utan hús og í skemmunum að hann er tekinn saman og baggaður af Swerec eftir að hafa farið í gegnum flokkunarvélarfyrirtækisins. Við það blandast saman plast frá Íslandi og öðrum aðilum. Plast frá Íslandi var að sjá í miklum minnihluta þess plastics sem er að finna á svæðinu. Aðeins einstaka plastumbúð merkt íslenskum aðila sást á stangli í böggum inni í skemmunni og þá blandaður plasti að því virtist vera frá neytendum í Svíþjóð. Útilokað er hins vegar að áætla með einhverri nákvæmni hve mikið er þarna af íslensku plast en ljóst að það er aðeins mjög lítil hluti af því sem þarna er. Ef tekið væri mið af því heildarmagni plastúrgangs er Swerec meðhöndlaði á árinu 2016, sem voru um 51.000 tonn, þá voru bókfærð 1.500 tonn hjá Úrvinnslusjóði er fóru frá íslenskum fyrirtækjum til Swerec. Það gera tæp 3% af heildarmagni er Swerec meðhöndlaði það árið. Staðfest er að Swerec sendi 1.500 tonn til eftirvinnslu í Páryd. Ef við gæfum okkur að það væri svipað hlutfall af íslensku plasti og öðru sem Swerec tók við á árinu 2016 sem lentu í geymslunni í Páryd þá má ætla að um 45 tonn af plastúrganginum frá Íslandi hefði lent þarna. Það gæti alveg verið raunin þar sem að sendinefndin sá ekki mikið plast í skemmunum sem rekja má til Íslands, þó um það verði að sjálfsögðu ekkert fullt. Þegar að skoðun sendinefndar á geymslum með plastúrganginum lauk var haldið í stuttan hádegisverð.

Eftir hádegisverð var haldið á fundarstað í einum af fundarsölum Kalmar kommun. Allir ofangreindir voru á þeim fundi nema starfsmaður Páryd Bildemontering KB. Á fundinum fóru fulltrúar Kalmar kommun yfir útgefin starfsleyfi til handa Webbo Sverige KB. Í febrúar árið 2016 fékk Webbo Sverige KB útgefið starfsleyfi til að hýsa allt að 10.000 tonn af plastúrgangi. Úrgangurinn skyldi geymast innan húss á starfssvæði Webbo Sverige KB í Páryd. Í júlí 2016 stöðvaði fulltrúi Kalmar kommun móttöku á plastúrgangi þar sem að byrjað var að geyma plastið utandyra. Webbo Sverige KB fékk aftur leyfi til að taka móti plastúrgangi eftir að hafa losað allt plast utandyra í desember 2016. Leyfið var svo afturkallað í janúar 2017 er uppsöfnun á plastúrgangi utandyra var aftur orðin staðreynd.

Flótlega eftir það hverfur forsvarsmaður Webbo Sverige KB, Anders Lundberg og Tommy Olsson eigandi fasteignarinnar, frá Páryd, og hafa fulltrúar Kalmar Kommun ekki náð í þá síðan. Talið er að Olsson hafi yfirgefið Svíþjóð en Anders Lundberg er með skráð heimilisfesti í Svíþjóð. Síðar selur Tommy Olsson, Páryd

Bildemontering KB, allt landsvæði Webbo Sverige KB í Páryd ásamt öllum húskosti á 300.000 skr.. Rami El Mahmoud starfsmaður Páryd Bildemontering KB heldur því fram að Anders Lundberg hafi ætlað að tæma svæðið af plastúrgangi en ekki gert. Við nánari skoðun starfsmanna Kalmar kommun á starfsemi Webbo Sverige KB kemur í ljós fyrirtæki enn skráð og getur því Kalmar kommun ekki tekið plastið sem er innanhúss, nema að fá til þess leyfi frá Webbo Sverige KB. Þessi staða, að Webbo Sverige KB eigi plastið hefur flækt málin mjög fyrir starfsmönnum Kalmar kommun sem telja sig ekki geta komið því til brennslu, nema eiga yfir sér skaðabótakröfu af hálfu Webbo Sverige KB.

Starfsmenn Kalmar kommun fór yfir það á fundinum að það væri alveg ljóst að plastúrgangurinn væri nú sem áður á ábyrgð Webbo Sverige KB og það væri hlutverk Kalmar kommun að leysa úr þessum vanda sem úrgangurinn hefði í för með sér. Það væri mat starfsmanna Kalmar kommun að hvorki íslenska Gámafélagið né Terra umhverfisþjónusta hafi gert neitt rangt. Fyrirtækin hafi fylgt reglum er varðar innflutning á plastúrgangi til Svíþjóðar, og eigi ekki og geti því ekki í ljósi stöðunnar aðhafst nokkuð. Staðfest var á fundinum að JRAB, hafi áður en plastið var sent til Webbo Sverige KB kannað með starfsleyfi og fengið það staðfest hjá Christian Sandholm, Miljöinspektör að starfsleyfi væri til staðar, áður það var sent til og greitt fyrir væntanlega meðhöndlun hjá Webbo Sverige KB.

Til nánari upplýsingar: Kalmar kommun gefur út magntengt leyfi til að safna upp plastúrgangi sem geymdur er innanhúss. Leyfið gildir frá einu upp í þrjú ár. Það er svo stofnunar á vegum sænska ríkisins að gefa út starfsleyfi vegna endurnýtingar eða endurvinnslu á plastúrgangi. Þetta gaf Webbo Sverige KB tækifæri á að safna upp plastúrgangi áður en að framleiðsla hæfist við endurnýtingu á plastúrgangi.

  
Guðlaugur Gylfi Sverrisson

  
Arngrímur Sverrisson

  
Jón Þórir Frantzson



*Sjá fleiri myndir á næstu síðum.*







3947850-Päryd Bildemontering KB-Päryd Inkl. underliggande struktur

Period: JAN-19 -- DEC-21

Artikel: 3905-Brännbart, utsorterat

Släng

| Ledarsum         | Resenhet | Motpartnr               | Motpartnamn | MotpartoriLU-Nr | Fakt/Avr-Nr | Fakt. Datum | Kg     | Kvantitet | Enhet | Pris    | Belopp      |
|------------------|----------|-------------------------|-------------|-----------------|-------------|-------------|--------|-----------|-------|---------|-------------|
| 2019-03-17 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1116026         | 83433649    | 2019-04-11  | 27 460 | 27.460    | Ton   | -850.00 | -23 341.00  |
| 2020-06-01 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1338801         | 88867977    | 2020-08-06  | 27 260 | 27.260    | Ton   | -850.00 | -23 171.00  |
| 2020-06-08 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1341150         | 88867977    | 2020-08-06  | 29 460 | 29.460    | Ton   | -850.00 | -25 041.00  |
| 2020-06-15 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1344592         | 88867977    | 2020-08-06  | 30 360 | 30.360    | Ton   | -850.00 | -25 806.00  |
| 2020-08-24 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1379544         | 83687908    | 2020-09-18  | 22 560 | 22.560    | Ton   | -850.00 | -19 177.00  |
| 2020-09-01 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1381523         | 83687908    | 2020-09-18  | 28 620 | 28.620    | Ton   | -850.00 | -24 327.00  |
| 2020-09-07 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1384628         | 83687908    | 2020-09-18  | 29 620 | 29.620    | Ton   | -850.00 | -25 177.00  |
| 2020-09-14 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1388014         | 83717188    | 2020-11-16  | 28 740 | 28.740    | Ton   | -850.00 | -24 429.00  |
| 2020-11-23 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1425839         | 83734511    | 2020-12-18  | 23 060 | 23.060    | Ton   | -850.00 | -19 601.00  |
| 2021-02-18 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1465770         | 83770953    | 2021-03-03  | 88 080 | 88.080    | Ton   | -850.00 | -74 868.00  |
| 2021-10-27 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1600630         | 83928053    | 2021-11-22  | 23 900 | 23.900    | Ton   | -850.00 | -20 315.00  |
| 2021-11-02 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1603517         | 83928053    | 2021-11-22  | 27 520 | 27.520    | Ton   | -850.00 | -23 392.00  |
| 2021-11-05 10421 | 03947850 | Päryd Bildemontering KB | Päryd       | 1603525         | 83928053    | 2021-11-22  | 29 000 | 29.000    | Ton   | -850.00 | -24 650.00  |
|                  |          |                         |             |                 |             |             |        |           |       | 415 640 | -353 294.50 |

